

## FUM aðalfundur 2017

Aðalfundur FUM, Félags um menntarannsóknir, var haldinn mánudaginn 13. mars 2017, í húsaáskynnum Menntavísindasviðs HÍ kl. 12:30-13:30. Viðstaddir voru: Allyson Macdonald, Amalía Björnsdóttir, Annadís G. Rúdólfssdóttir, Birna Svanbjörnsdóttir (gegnum fjarfundabúnað á Akureyri), Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Jónína Vala Kristinsdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Oddný Sturludóttir, Sigurjón Mýrdal, Sólveig Jakobsdóttir, Steinunn Helga Lárussdóttir, Þorlákur Axel Jónsson (gegnum fjarfundabúnað á Akureyri).

Formaður, Amalía Björnsdóttir, setti fundinn og gekk til dagskrár samkvæmt ákvæðum um aðalfundi í lögum félagsins:

1. Fundagerð síðasta aðalfundar
  - a. Lesin af formanni
  - b. Fundagerð aðalfundar 2016 samþykkt samhljóða.
2. Skýrsla stjórnar
  - a. Formaður las skýrslu stjórnar um starfsemi FUM á árinu 2016 (sjá skýrslu stjórnar í viðauka við fundargerðina). Í framhaldi tók við umræða um skýrslu stjórnar.
  - b. Formaður ræddi sérstaklega málefni tímaritsins. Gert var upp við Háskólaútgáfuna á síðasta ári og gengið frá reikningum. Málinu er því formlega lokið og FUM skuldlaut við útgáfuna. Sameining tímarita virðist hafa verið skynsamleg í ljósi þess hversu fáar greinar berast, en það gerir einnig ljóst að efla þarf skrif fræðigreina um menntarannsóknir á íslensku. Rætt um fyrirkomulag og aðkomu FUM að tímaritinu.
  - c. Rætt var um hvar íðorðasafnið væri aðgengilegt. Drög eru aðgengileg á heimasíðu FUM (pdf skjal), en íðorðasafnið ætti einnig að vera aðgengilegt á vefsíðunni malid.is og í orðasafni háskólans. Formaður mun fá úr þessu skorið og setja upplýsingar á Facebook síðu félagsins.
  - d. TUM er nú í opnum aðgangi og var ánægja með það. En rætt um að setja ætti tímaritið á lista um tímarit í opnum aðgangi (doaj.org eða directory of open access journals).
  - e. Rætt var um póstlista fyrir félagsmenn og að það þurfi að fara yfir netfangalistann.
  - f. Umræða spannst um ráðstefnuna síðastliðið vor. Almenn ánægja var með ráðstefnuna og rætt um mikilvægi þess að ráðstefnur á vegum FUM aðgreindu sig frá öðrum viðburðum.
3. Reikningar félagsins
  - a. Sólveig Jakobsdóttir, gjaldkeri FUM gerði grein fyrir reikningum félagsins 2016. Hún fór í gegnum reikningana og kom fram að félagið átti tæpar 700 þúsund í banka í lok ársins 2016. En rétt eftir áramót 2016/2017 var greidd þóknun til ritstjóra TUM, 400 þúsund og því er staðan núna tæp 300 þúsund.
  - b. Umræða var um þjónustugjöld sem banki innheimtir og hvort hægt væri að skuldfæra á kreditkort. Einnig var rætt um fjölda félagsmanna og innheimtur. Eitthvað innheimtist í gegnum sölu á eldri tímaritum á árinu.
  - c. Kostnaður við ráðstefnuna var ræddur. Stærsti kostnaðarliðurinn var leiga á húsnæði en reynt var að halda öllum kostnaði í lágmarki. Félagsmenn fengu afslátt og því kom minna inn en ella. Rætt var um ráðstefnuhefð FUM, en hefðin var sú að halda ráðstefnu annað

hvort ár en vera með fyrirlestra eða námskeið á móti. Umhverfið er þó mikið breytt og miklu meira í gangi af fyrirlestrum, málstofum og ráðstefnum. Því er mikilvægt að félagið finni sér sérstöðu í þessu samhengi og ráðstefnan í fyrra var tilraun í þá áttina. Þetta var frekar rætt undir önnur mál.

- d. Skoðunarmenn hafa farið yfir reikninga og skrifað undir.
  - e. Skýrsla gjaldkera um reikninga félagsins samþykkt samhljóða.
4. Ákvörðun félagsgjalda
- a. Stjórn leggur til að félagsgjald verði 3000 krónur og inn í því verði seðilgjald banka.
  - b. Samþykkt samhljóða.
5. Stjórnarkjör
- a. Núverandi stjórnarmeðlimir Amalía, Elsa og Þorlákur ganga úr stjórninni, en Guðrún, Annadís og Sólveig ætla að sitja áfram. Kolbrún Pálsdóttir býður sig fram til formanns og Birna Svanbjörnsdóttir og Guðlaug Erlendsdóttir bjóða sig fram til stjórnar. Engin önnur framboð og ný stjórn samþykkt samhljóða.
  - b. Varamenn voru kosnir: Steinunn Helga Lárusdóttir og Ingvar Sigurgeirsson. Samþykkt samhljóða.
  - c. Amalíu þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf sem formaður – sérstaklega í ljósi þess að félagið var mjög illa stött þegar hún tók við. Amalía vildi í því samhengi koma fram sérstöku þakklæti til Guðnýjar Helgu fyrir störf hennar sem gjaldkeri.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- a. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Guðný Helga Gunnarsdóttir. Samþykkt samhljóða. Amalía Björnsdóttir verður skoðunarmaður til vara.
7. Tímarit – framtíð útgáfu á pappír
- a. Formaður gerði grein fyrir umræðu við Háskólann á Akureyri um aðkomu að útgáfu TUM. Vel hefur verið tekið í umræðuna og mun hún halda áfram.
  - b. Umræða spannst um hvort halda ætti áfram pappírútgáfu. Sú umræða lauk með því að fundurinn ályktaði eftirfarandi: *Á aðalfundi Félags um menntarannsóknir 2017 er lagt til að Tímarit um Uppeldi og Menntun verði eingöngu gefið út rafrænt. Ályktunin var samþykkt samhljóða.*
8. Önnur mál
- a. Töluverð umræða spannst um hlutverk félagsins og hvernig því væri best sinnt miðað við núverandi umhverfi og aðstæður. Sýnileiki menntavísindi og menntarannsókna er mjög takmarkaður – hvort sem litið er til fræðasamfélagsins eða umræðu í tengslum við vettvang. Mikilvægt er að skoða hvernig FUM geti stuðlað að meiri samfélagslegri umræðu um menntamál og gert menntarannsóknir sýnilegri. Þetta er eitt af hlutverkum félagsins og sérstaklega skiptir þar máli tengja fræði og vettvang. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um hvernig hægt væri að stuðla að þessu og ákveðið að þetta væri mikilvægt verkefni fyrir nýja stjórn FUM.

# Félag um menntarannsóknir

## Ársskýrsla 2016

### Stjórn

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

Amalía Björnsdóttir prófessor Menntavísindasviði HÍ, formaður,  
Elsa Eiríksdóttir lektor við Menntavísindasvið HÍ, ritari,  
Sólveig Jakobsdóttir dósent við Menntavísindasvið HÍ, gjaldkeri,  
Annadís Gréta Rúdólfsdóttir dósent við Menntavísindasvið HÍ, meðstjórnandi,  
Guðrún Ragnarsdóttir aðjúnt við Menntavísindasvið HÍ, meðstjórnandi,  
Þorlákur Axel Jónsson aðjúnt við kennaradeild HA, meðstjórnandi.

Varamenn eru Auður Pálsdóttir og Ásgrímur Angantýsson bæði lektorar við Menntavísindasvið HÍ.

Skoðunarmenn reikinga eru Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Menntavísindasviði HÍ og Guðný Helga Gunnardóttir lektor við Menntavísindasviði HÍ.

Félagsmenn eru 266.

### Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis - og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

### Heima- og Fésbókarsíða félagsins

Formaður hefur uppfært Fésbókarsíðu félagsins og aðeins unnið í heimasíðu en þar þarf að taka til hendinni. Ný stjórn félagsins þarf að marka sér stefnu um hvernig best sé að standa að heimasíðu og Fésbókarsíðu en æskilegt er að hafa eins einfalt form á þessum síðum og hægt er.

### Póstlisti og tölvupóstföng

Ekki er til póstlisti fyrir félagsmenn en formaður hefur sent tölvupóst á þau netföng sem eru á skrá. Ljóst er þó að eitthvað af þeim póstföngum eru óvirk.

### Íðorðanefnd

Gerður G Óskarsdóttur sjálfstætt starfandi fræðimaður og Ragnhildur Bjarnadóttir fyrrv. dósent við Menntavísindasvið HÍ sitja í íðorðanefnd fyrir hönd FUM. En í nefndinni sitja einnig fulltrúar Menntavísindasviðs og Kennarasambandsins.

Drög að íðorðasafni sem nefndin hefur unnið að má finna á heimasíðu FUM og á Fésbókarsíðu. Íðorðanefndin fékk 800.000 kr. styrk úr Málræktarsjóði á árinu 2016 og var styrkurinn nýttur til að ráða starfsmann tímabundið til að vinna með nefndinni.

### **Tímarit um uppeldi og menntun**

Á haustdögum 2015 undirrituðu formaður FUM og sviðforseti Menntavísindasviðs samkomulag um sameiningu *Tímarits um menntarannsóknir* og *Uppeldis og menntunar*. Samingur gildir til loka janúar 2018. Nýja tímaritið fékk nafnið *Tímarit um uppeldi og menntun*.

FUM skipaði annan af ritstjórum tímaritsins og greiðir honum þóknun og tók Hermína Gunnþórsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri að sér að sinna þessu verkefni. Auk þess tilefnir FUM tvo einstaklinga í ritnefnd og eru þeir Erlingur Jóhannsson prófessor við Menntavísindasvið HÍ og Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Vefsíða tímaritsins er <https://ojs.hi.is/tuum/index>

Nauðsynlegt er að skoða vel fjárhag félagsins og hvernig það getur komið að útgáfu tímaritsins þegar samningur rennur út. Rætt hefur verið óformlega við formann kennarardeildar Háskólans á Akureyri um hugsanlega aðkomu skólans að útgáfu tímaritsins.

Allir eldri árgangar af gamla tímaritinu *Tímariti um menntarannsóknir* eru aðgengilegir á [tímarit.is](http://tímarit.is).

### **Ráðstefna**

Þann 12. og 13. maí var haldin ráðstefna FUM í húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Challenges Facing Educational Researchers*. Sérstakir gestir á ráðstefnunni voru fjórir félagar í SERA skosku menntarannsóknarsamtökunum. Þátttakendur í ráðstefnu voru um 50 og kynningar í málstofum 21 auk fjögurra aðalfyrirlesara. Ráðstefnan tókst vel og vonandi verður framhald á samstarfi við SERA.

Fyrir hönd stjórnar

Amalía Björnsdóttir